



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## GLEÐILEGA JÓLAHÁTÍÐ

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Jólalald 2014
- Bókun skólaráðs
- Hugsað til þeirra sem minna mega sín



**Kæru nemendur & foreldrar**

Í þessu tölublaði Flórgoðans fer mesta rýmið í umsögn skólaráðs Áslandsskóla sem gerð var á fundi ráðsins föstudaginn 5. desember síðastliðinn.

Skólaráðið hélt aukafund þann dag þar sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Haraldur L. Haraldsson, og upplýsingastjóri, Steinunn Þorsteinsdóttir, voru gestir fundarins.

Á fundinum fór bæjarstjóri yfir ákvarðanir þær sem fræðsluráð og síðar

bæjarstjórn hafa samþykkt varðandi húsnæðismál og skólahald í Áslandsskóla á undanförunum vikum.

Ákvarðanir þær ganga út á það að byggja ekki frekar við skólann, hagræða í bekkjafjölda ásamt því að spjaldtölvuæða skólann í nokkrum skrefum og hann verði leiðandi í innleiðingu upplýsingatækni í skólastarfi.

Í blaðinu er einnig að

finna jóladagskrána hjá okkur í Áslandsskóla, stofujól, Litlu-jól og jólaböll.

Þá er hér neðst á síðunni minnst á árlega söfnun skólasamfélagsins í Áslandsskóla til styrktar Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar. Slík söfnun hefur farið fram undanfarin ár og nemur heildarupphæð styrks frá Áslandsskóla til nefndarinnar alls 1.749.994.– krónum.

Gleðileg jól

## HUGSAÐ TIL ÞEIRRA SEM MINNA MEGA SÍN

**GÓÐI segir:**



Bráðum koma  
blessuð jóln  
börnin fara að hlakka til

Í tengslum við jólalald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin átta skólaár, að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag [með frjálsu framlagi þriðjudaginn 16. desember.](#)

Nemendur afhenda umsónarkennara sitt umslag.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

**Fjármunum verður síðan safnað saman og afhentir fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar á sal skólans föstudaginn 19. desember kl. 12.40.**

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

# Bókun skólaráðs Áslandsskóla

## Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður

## Sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar

Magnús Baldursson

Hafnarfirði 5.12.2014

### Efni: Umsögn skólaráðs Áslandsskóla vegna ákvarðana í fræðsluráði og bærstjórn Hafnarfjarðar

Háttvirtu viðtakendur

Skólayfirvöld Áslandsskóla og Foreldrafélag Áslandsskóla hafa á undanförunum árum lagt fram margar fyrirspurnir og sent bæjaryfirvöldum nokkur bréf er varða húsnæðis- og lóðamál Áslandsskóla.

Í bréfum þessum höfum við lagt á borð bæjaryfirvalda skýringar og röksemdir fyrir því að nemendur í Áslandsskóla sitja ekki við sama borð og aðrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði hvað varðar lengd skóladags og skólahúsnæði almennt.

Skólasamfélagið í Áslandi hefur einnig átt formlegar og óformlegar viðræður við bæjaryfirvöld, ráðamenn og starfsfólk sveitarfélagsins varðandi framtíðaruppbyggingu Áslandsskóla. Þær viðræður hafa ávallt snúist um mikilvægi þess að byggt verði viðbótarhúsnæði með fjórum kennslustofum auk íþróttasalar.

Skólasamfélagið hefur verið sammála um mikilvægi þess að nemendur séu ekki sendir út úr hverfinu til að sækja íþóttir og sund. Stundatafla nemenda Áslandsskóla hefur undanfarin ár alla jafna verið lengri fram á daginn vegna þessa. Slíkt truflar óneitanlega möguleika nemenda héðan á öðru tómskundastarfi og hefur áhrif á æfingatíma íþróttafélaga, tónlistarnám og fleiri tómsundur. Þess utan er kostnaður vegna skólaaksturs í íþróttir og sund um 20 milljónir árlega.

Ljóst er að þessi staða Áslandsskóla er ekki til skamms tíma heldur vandamál til lengri tíma og er það því krafa skólasamfélagsins að staðið sé við það skipulag og þau loforð sem gefin hafa verið um uppbyggingu hverfisins.

Staðan í dag er þannig að fyrirlestrarsalur er heimastofa bekkjar í unglingsdeild og þjónar því alls ekki þeim tilgangi sínum sem lagt var upp með. Kennslustofa við frístundaheimili er nýtt sem heimastofa bekkjar og nýtist því ekki starfsemi frístundaheimilis að því marki sem lagt var af stað með, auk þess sem rými frístundaheimilis minnkar að sama skapi. Náttúrufræðistofa er nýtt sem heimastofa bekkjar og er ekki hentug sem slík vegna ýmissa tækja og tóla sem þar eru, auk þess sem borð og stólar eru með öðrum hætti en í venjulegri kennslustofu. Lítið eldhús á efri hæð sem er ætlað til heimilisfræðikennslu er nýtt sem rými fyrir frístundaheimili og nýtist því ekki í list- og verkgreinakennslu. Þá er rými til list- og verkgreinakennslu ekki fullnægjandi svo hægt sér að kenna skv. viðmiðunarstundaskrá.

Skrifstofa félags- og frístundamiðstöðvar er í hópherbergi og það nýtist því ekki til sérkennslu.

# Bókun skólaráðs Áslandsskóla frh.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 24.11.2014 eftirfarandi:

Fræðsluráð vísar eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hætt verði við viðbyggingu Áslandsskóla sem áætlanir gerðu ráð fyrir að myndu kosta allt að 600-700 milljónir króna. Þess í stað verði fjárfest í innra starfi skólans sem taki forystu í innleiðingu upplýsingatækni í hafnfirsku skólasterfi. Það verði m.a. gert með því að spjaldtölvuvæða alla 5. - 10. bekki og auka stöðugildi í tölvuumsjón um 50% frá 1. janúar næstkomandi. Með þessu verður tölvustofa tekin undir almenna kennslu. Samhliða verði gerðar breytingar á niðurröðun í bekkjardeildir þannig að húsnæði Áslandsskóla ásamt lausum kennslustofum, sem nú eru við skólann, hýsi alla nemendur skólans með góðu móti án stækkunar.“

Bæjarstjórn samþykkti ofangreinda tillögu fræðsluráðs á fundi sínum 26.11.2014.

Ljóst er samkvæmt ofangreindri samþykkt að færanlegar kennslustofur við Áslandsskóla eru orðnar varanlegt úrræði en ekki tímabundið eins og hugsunin hefur ávallt verið. Áður hafði verið lagt upp með að varanlegar stofur leystu þær smátt og smátt af hólmi. Því er ljóst að gera þarf færanlegu stofurnar þannig úr garði að þær verði sambærilegar öðrum heimastofum, t.d. hvað varðar aðbúnað, tækjakost, hljóðvist og fleiri atriði.

Þrátt fyrir varanlegar, færanlegar kennslustofur á enn eftir að byggja íþróttasal við skólann eins og gert var ráð fyrir á upphaflegu skipulagi og leysa þann vanda sem af því stafar, þ.e. skólaakstur í allar þær kennslustundir með tilheyrandi lengingu skóladagsins.

Þá hefur skólaráð áhyggjur af rými frístundaheimilis. Þar er jákvæð og öflug uppbygging í gangi sem skilar sér í auknum fjölda nemenda. Þar við bætist áhugi á að gera enn betur fyrir nemendur í 3. og 4. bekk skólans, en þeir nemendur komast ekki fyrir í dag vegna plássleysis.

Ljóst er einnig að með ofangreindri tillögu þarf að breyta í einum árgangi úr þremur bekkjum í tvo og þar af leiðandi fjölga nemendum í bekkjum. Ráðamenn hafa þó lofað að þar starfi áfram þrjú kennarar í tveimur bekkjum.

Hins vegar ber einnig að gleðjast yfir því þegar fjárfest er í innra starfi skóla og þeirri ákvörðun að Áslandsskóli verði í forystu er varðar innleiðingu á upplýsingatækni í hafnfirsku skólasterfi. Það er virkilega spennandi tækifæri hvað varðar nám og kennsluhætti til framtíðar. Með því skrefi færum við Áslandsskóla inn í framtíðarumhverfi, bæði kennarans og nemandans. Tækifæri þetta býður upp á ótal leiðir til að virkja upplýsingatækni í verki við t.a.m. uppgötvunar- og samvinnunám, lærdómasaðferðir framtíðarinnar.

Reyndar leggur skólinn áherslu á að hafist verði handa frá og með 4. bekk skólans en ekki 5. bekk og á næstu þremur skólaárum bætist einn árgangur við, þannig að allir árgangar skólans verði spjaldtölvuvæddir skólaárið 2017-2018. Það sem styður það einnig að hefjast handa í 4. bekk er að nemendur í þeim árgangi taka þátt í þróunarverkefni í forritun en skólinn fékk styrk til þess á síðasta skólaári. Vafalítið er það einungis jákvætt útfærsluatriði á tillögu bæjarstjórnar.

Þá er stöðugildi við tölvuumsjón aukið úr 50% í 100% sem er mjög jákvætt og mikilvægt þar sem verkefnið gengi ekki ef verkefnastjóra nyti ekki við, verkefnastjóra sem mun halda utan um endurmenntun, tækjakost og uppfærslur ýmiss konar.

**SIGN:** Leifur S. Garðarsson, Unnur Elfa Guðmundsdóttir, Magdalena Guðmundsdóttir, Hekla Arnarsdóttir, Kristín Dögg Höskuldadóttir, Harpa Dís Jónsdóttir, Dána Ívarsdóttir, Jónína Dögg Loftsdóttir, Katrín Brandsdóttir, Særós Björnsdóttir

## JÓLAHALD Í ÁSLANDSSKÓLA 2014

Árgangur	Litlu jól á sal FÖSTUDAGINN 19.12.2014	Stofujól í heimastofu FÖSTUDAGINN 19.12.2014
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	Miðvikudag 17.12. með Tjarnarási kl 9:50-10:50	11:10-12:30
7. bekkur	18.12.2014 / kl.17:00-19:00	10:00-11:00
8. bekkur	Jólaball 18.12.2014 / kl. 19:00-22:00	Stofujól 18.12.2014 / kl 18:00-19:00
9. bekkur	Jólaball 18.12.2014 / kl. 19:00-22:00	Stofujól 18.12.2014 / kl 18:00-19:00
10. bekkur	Jólaball 18.12.2014 / kl. 19:00-22:00	Stofujól 18.12.2014 / kl 18:00-19:00



Kríúási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

**www.aslandsskoli.is**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**

skólastjóri